

Textar



HARMÓNÍU KÓRINN

Færeyjar – apríl 2024

Útg. 2 – Tónleikaröð + þrír standardar

Í kvöld, þegar ysinn er úti

Í kvöld, þegar ysinn er úti.
og annríkið hverfur og dvín,
þá komum við saman og syngjum,
uns sjö stjarna' á himninum skín.

Því andinn á heiðríkan himin
í hvíld eftir stormþungan dag
og allt sem er göfugt til gleði,
það geymist í söngvum og brag.

Þó vindsvalur vetur sé úti
og vorblíðan langt suður í geim,
þá syngjum við sólskin í bæinn
og sumarið til okkar heim.

Freysteinn Gunnarsson.

Á Sprengisandi

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
rennur sól á bak við Arnarfell.
Hér á reiki' er margur óhreinn andinn
úr því fer að skyggja á jökulsvell.
:,:Drottinn leiði drösulinn minn,
drjúgur verður síðasti áfanginn.:,:

Þei þei, þei þei, þaut í holti tófa,
þurran vill hún blóði væta góm,
eða líka einhver var að húa
undarlega digrum karlaróm.
:,:Útilegumenn í Ódáðahraun
eru kannski' að smala fé á laun.:,:

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
rökkrið er að síga' á Herðubreið.
Álfadrotting er að beisla gandinn,
ekki' er gott að verða' á hennar leið.
:,:Vænsta klárinn vildi' ég gefa til
að vera kominn ofan í Kiðagil.:,:

Grímur Thomsen

Nú sefur jörðin

Nú sefur jörðin sumargræn.
Nú sér hún rætast hverja bæn
og dregur andann djúpt og rótt
um draumabláa júlínótt.

Við yztu hafsbrún sefur sól
og sofið er í hverjum hól.
Í sefi blunda svanabörn
og silungur í læk og tjörn.

Á túni sefur bóndabær
og bjarma' á þil og glugga slær.
Við móðurbrjóstin börnin fá
þá beztu gjöf, sem lífið á.

Nú dreymir allt um dýrð og frið
við dagsins þögla sálarhlið
og allt er kyrrt um fjöll og fjörð
og friður drottins yfir jörð.

Davíð Stefánsson

Veröld fláa

Veröld fláa sýnir sig,
sú mér spáir hörðu;
flestöll stráin stinga mig
stór og smá á jörðu.

Þjóðvísa

Krummavísa

Krummi krunkar úti,
kallar á nafna sinn:
„Ég fann höfuð af hrúti,
hrygg og gæruskinn.
Komdu nú og kroppaðu með mér,
krummi, nafni minn”.

Þjóðvísa

Ég að öllum háska hlæ

Ég að öllum háska hlæ
heims í éli ströngu.
Mér er sama nú hvort næ
nokkru land'i eða öngvu.

Stundum þungbær þögnin er
þrauta lífs á vöku.
Alltaf lifnar yfir mér
ef ég raula stöku.

Skáld Rósa /Níels skáldi Jónsson

Svalar lindir

S:

Hér ég sit við svala lind
og þyrstur teiga,
hvað sem ber mér bikarinn,
það ég bergja vil.
Vatn og bjór og vín um góma
þurra læt ég líða,
hvað sem ber mér bikarinn
ég bergja vil.

A / T / B:

Svalar lindir ljúfar teiga,
hvað sem ber mér bikarinn [bergja vil]
Vatn og bjór og vín ég teiga
er ég sit við svalar lindir

Friðrik Guðni Þórleifsson

Locus iste (Gradual)

|:Locus iste a Deo factus est,:|
a Deo, Deo factus est
|:inaestimabile sacramentum,:|
|:irreprehensibilis est,:|
|:Locus iste a Deo factus est,:|
a Deo, Deo, Deo,
a Deo, Deo factus est.

Einki er sum summarkvöld við strendur

Einki er sum summarkvöld við strendur.
Hvítar lýsa gjar- og flidnarendur.
Standa menn á nesjum og á tongum,
Bátur rør við ára tøkum longum.

Veksur flóð, og neyvan tú tað grunar.
Eiðasørt á nøkrum flúri runar.
Syftast fagrir fiskar fram við strendur
meðan dagur leggur saman hendur.

Hýkur dimmið mjúkt um hellulandið.
Kámast agnið her eg sjálvur standi.
Áraknarr og syftan millum flesja.
Hómast valla land ímillum nesja.

Fram við landi eftir taragrunni
hava blankar beitur stødugt runnið.
Sleiskast alt hjá monnunum á tanga.
Ein og ein teir heim til húsa ganga.

Christian Matras

Smávinir fagrir

Smávinir fagrir foldarskart,
fífill í haga, rauð og blá
brekkusóley við mættum margt
muna hvort öðru að segja frá

Faðir og vinur alls sem er
annastu þennan græna reit
Blessaðu, faðir, blómin hér,
blessaðu þau í hverri sveit

Vesalings sóley sérðu mig?
Sofðu nú vært og byrgðu þig,
hægur er dúr á daggar nótt
dreymi þig ljósið, sofðu rótt.

Jónas Hallgrímsson

Ölerindi

Nú er ég glaður á góðri stund,
sem á mér sér;
guði sé lof fyrir þennan fund
og vel sé þeim sem veitti mér.

Vitjað hefi' ég á vinamót,
sem nú á sér;
reynt af mörgum hýrleg hót;
og vel sé þeim sem veitti mér.

Gott er að hætta hverjum leik,
þá hæst fram fer.
Nú skal hafa sig á kreik,
og vel sé þeim sem veitti mér.

Hallgrímur Pétursson

Ó, guð vors lands

Ó, guð vors lands, ó, lands vors guð.
Vér lofum þitt heilaga, heilaga nafn.
Úr sólkerfum himnanna hnýta þér krans
þínir herskarar, tímannanna safn.

Fyrir þér er einn dagur sem þúsund ár,
og þúsund ár dagur, ei meir.
Eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,
sem tilbiður guð sinn og deyr.

|:Íslands þúsund ár:|
Eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,
sem tilbiður guð sinn og deyr.

Matthías Jochumsson

Dans og drikk

S A:

Dans, dans med oss,
for ung er ennå dagen.
Gledens beger er ei ennå tömt.
Så lenge vi har vin,
så lenge dansen går,
så er vi glad,
så lenge er vi glade.

T B:

Dans, drik, dans og drik,
for ung ja ung er dagen.
Gledens beger, gledens beger ei er tömt.
Vin, vin, vin, vin, vin,
så lenge dansen, dansen går,
så er vi glad,
så lenge er vi glade.

.

Húrrakórinn

Húrra! Húrra !
já lífið er leikur
og leikur er kveikur
að lukku tralla la
Húrra! Húrra !
það má ekki missast
að kætast og kyssast
húrra og tralla la

Ert þú, ert þú,
ei til í tuskið? Jú!
því ei skal leynd
að lífið eina'
er líf á líðandi stund
og nóttin brennur
njótum hennar
létt í lund.

Þakkarstef

|: Skál, skál, skál! Við boðið þökkum þér. :|

Hollt er vini heim að sækja,
hefja gleði mál.
Vináttuna viljum rækja,
vinir, segjum skál.

|: Skál, skál, skál! Við þökkum þetta boð. :|
|: Lífðu svo lengi og vel ! :|

Húrra!, Húrra!, Húrra!

Bjarni Stefán Konráðsson